

Námsáætlun í íslensku

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Þá er lestur mikilvægt tæki til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af forsendunum fyrir þátttöku í samfélaginu. Markmið íslenskukennslu í grunnskóla er að gera nemendur hæfa til að tjá sig um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Íslenskunámið skiptist í nokkra þætti; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með þá þætti eina og sér og í samþættingu bæði innan námsgreinarinnar og við aðrar námsgreinar. Leiðarljósið í kennslu móðurmálsins er að auðga orðaforða nemenda sem birtist jafnt í ræðu þeirra sem riti og vekja þá til umhugsunar um ábyrgð þeirra sem málnotenda. Með umfjöllun um fjölbreytileika tungumála og tvítyngi má auka skilning nemenda á því hve móðurmálin eru mörg í íslenskum skólum og stuðla þannig að umburðarlyndi.

Kennarar: Anna Guðný Tryggvadóttir Arndal, Guðbjörg Íris Atladóttir og Helga Sveinsdóttir

Námsþáttur:	Hæfniviðmið Við lok 5. bekkjar getur nemandi:	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum - átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi	Lesskilningur Orðaforði Endursagnir Ýmis hópverkefni	Fjölbreyttar sögur	Leiðsagnarmat
Lestur og bókmenntir	- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann - lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum - beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap	Lestur og lesskilningur Yndislestur Þjóðsögur Orðaforði Ljóð	Óskasteinn Flökkuskinna Fyrsti Smellur Valdar þjóðsögur	Leiðsagnarmat

5. BEKKUR skólaárið 2024 - 2025

Ritun	- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa - beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkja-setningar og hefur náð valdi á þeim	Stafsetning Skrift Orðaforði Ritgerðir Endursagnir	Málrækt 1 Skrift 5	Leiðsagnarmat
Málfræði	- áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra - gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu	Málfræði Orðaforði Ritun	Málrækt 1 Orðspor 1 les- og verkefnabók	Leiðsagnarmat